

Í skýrslunni „Ferðumst saman – Stefna í almenningsvagnum“ kemur fram eftirfarandi hagræðingartillaga sem á að taka gildi 1.apríl 2020:

„50 milljónir króna árleg kostnaðarminnkun af því að hætta að styrkja flug til Þórshafnar og Vopnafjarðar og reka þess í stað leið almenningsvagna sem tengir í flug í Húsavík og Egilsstöðum“

Skv. upplýsingum frá Samgönguráðuneytinu þá er þessi 50 milljóna króna sparnaður reiknaður út á eftirfarandi hátt¹:

	Upphæð	Samgöngutíðni
<i>Styrkur til flugs milli Akureyrar og Vopnafjarðar/Þórshafnar árið 2017, skv. gögnum frá Vegagerðinni</i>	103.000.000	5x í viku (alla virka daga)
<i>Mat á kostnaði ríkisins við akstri með tíðni 3 sinnum í viku</i>		
<i>Húsavík - Þórshöfn</i>	29.000.000	3x í viku
<i>Egilsstaðir - Vopnafjörður</i>	24.000.000	3x í viku
<i>Áætlaður sparnaður</i>	50.000.000	

Með þessari sparnaðartillögu er verið að:

- minnka þjónustu í formi minni ferðatíðni, þ.e. fækka um tvær brottfarir á viku á hvorn stað.
- lengja ferðatímamann í báðum tilfellum fyrir notendur, og umtalsverð í tilfelli leiðarinnar Þórshöfn – Húsavík.
- Miðaverð til notenda, í skýrslunni er gefin sú forsenda að líkur sé á því að það verði ódýrara að fara í almenningsvagni en í flugi. Nú liggur ekki fyrir hvað þessi miði muni kosta í almenningsvagninum en það liggur fyrir hvað flugið kostar, sjá töflu:

Miðað við ferðadagsetningu 19.mars.2019

	Fargjald	Skattar og önnur gjöld	Heild:
Flugmiði: Akureyri - Vopnafjörður	4.000	1.945	5.945
Flugmiði: Akureyri - Þórshöfn	4.000	1.945	5.945

Miðað við núgildandi verðskrá þá er vandséð að hægt sé að bjóða verð á leiðinni Akureyri – Vopnafjörður og Akureyri – Þórshöfn á mikið minna gjaldi en flugið er í dag, miðað við það verð sem er í boði í strætó í dag á lengri leiðum.

Varðandi farþegafjöldi þá hefur þróunin snúist við, þ.e. í stað þess að farþegum hefur fækkað stöðugt frá árinu 2012 – 2016 þá hefur verið aukning farþega á milli ára frá árinu 2017 bæði á Vopnafjörð og

¹ Skv tölvupósti frá Árna Frey Stefánssyni (arni.f.stefansson@srn.is), sérfræðingi í Samgönguráðuneytinu dags. 20.febrúar 2019

Þórshöfn. Helst það í hendur við nýjan samning við Vegagerðina og samsvarandi verðlækkun á fargjöldum.

Þegar áætlunarflug leggst af á afskekktu, fámenna staði út á landi þá hefur eftirfarandi þróun oftast fylgt með í kjölfarið að viðhald flugvalla og flugbrauta hrakar það mikið að ekki er hægt að lenda þar lengur. Hefur það þá eftirfarandi í för með sér:

- Ef nothæfar flugbrauta nýtur ekki við þá er ekki hægt að fljúga sjúkraflug og getur það lengt umtalsvert þann tíma sem tekur að koma sjúklingum hratt og örugglega inn á sjúkrahús.
- Sjónarmið almannavarna; ef flugbrauta nýtur ekki við þá er ekki hægt að nýta flugið til að koma fólki í öruggt skjól ef einhver hætta steðjar að.

Eins er ótalið hugsanleg neikvæð áhrif á atvinnulíf á Þórshöfn og Vopnafirði og Akureyri. Því að þessi breyting gæti haft í för með sér samdrátt hjá Norlandair á Akureyri. Það vantar alveg inn í þessa greiningu væntanleg áhrif á atvinnulífið á þessum stöðum þegar svona stórar grundvallar breytingar eru gerðar á samgöngukerfinu.